



**Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands**

**VIÐSKIPTAÞING Í QINGDAO
OG VIÐTÖL VIÐ KÍNVERSKA FJÖLMÍÐLA**

Að morgni laugardagsins 21. maí hófst viðskiptaráðstefna í Qingdao með þátttöku fjölmargra íslenskra fyrirtækja, kínverskra samstarfsaðila þeirra og áhrifamanna úr stjórnkerfi borgarinnar og Shandong héraðs. Á ráðstefnunni flutti forseti Íslands ræðu en jafnframt kynntu íslensk fyrirtæki, sem hafa haslað sér völl í Kína, starfsemi sína.

Í ræðu sinni fjallaði forseti m.a. um þann margvíslega ávinning sem þegar hefði orðið af samstarfi kínverskra og íslenskra fyrirtækja í Qingdao borg og Shandong héraði, ekki síst á sviði sjávarútvegs, vinnslu sjávarfangs og markaðsfærslu, sem og í sjóflutningum og annarri þjónustu. Þessi árangur væri glæsilegur vitnisburður um sóknarhug í íslensku atvinnulífi, dirfsku við leit að nýjum tækifærum þar sem reynsla Íslendinga nýttist vel á alþjóðavettvangi.

Í lok ráðstefnunnar rituðu fyrirtækin Atlantis og Samskip annars vegar og Qingdao International Trade Group hins vegar undir samning sem felur í sér að aðilar reisa rúmlega 50 þúsund tonna frystigeymslu í borginni Qingdao.

Í kjölfar viðskiptastefnu buðu Útflutningsráð og Sendiráð Íslands í Kína ráðstefnugestum til hádegisverðar.

Síðdegis héldu forseti og fylgdarlið aftur til Beijing. Að kvöldi laugardagsins sat forseti fyrir svörum kínverskra sjónvarpsmanna frá CCTV, kínverska ríkissjónvarpinu, vegna klukkustundar langs þáttar (Top Talk) sem sendur verður út síðar í þessum mánuði. Stjórnandi hans er Shui Junyi, en hann er þekktasti spjallþáttastjórnandi Kína. Ætlað er að um 300 milljónir manna fylgist að jafnaði með þessum sjónvarpsþætti. Sjónvarpsmenn frá CCTV gerðu sér ferð til Íslands fyrr í mánuðinum til að safna efni og tóku þá m.a. þátt í hringflugi Listahátíðar þann 15. maí. Í viðtalinu fjallaði forsetinn m.a. um náttúru Íslands, samspil elds og íss, og

þann fjölbreytileika sköpunarinnar sem þar væri að finna. Forsetinn vakti jafnframt athygli á því, að Ísland væri heillandi fyrir ferðamenn á öllum árstíðum, ekki síst gæfust að vetrarlagi einstök tækifæri til að skoða náttúruundur á borð við norðurljós.

Að kvöldi laugardags sótti forseti menningardagskrá þar sem viðstaddir voru um 200 íslenskir ferðamenn sem voru samferða forseta og viðskiptasendinefnd í flugi til Kína. Þar flutti forseti ávarp og gerði m.a. grein fyrir þeim margvíslega árangri sem orðið hefði af ferðinni.

Á sunnudag svaraði forseti spurningum kínverska viðskiptablaðsins China Business News og fjallaði þar m.a. um fjölmörg svið viðskipta sem skilað gætu árangri í samvinnu landanna á komandi árum.

Forseti Ísland, fylgdarlið og viðskiptasendinefnd komu heim sunnudagskvöldið 22. maí.

21. maí 2005